



Guðbjörg Lind listmálari:  
Fossar bæði heilla mig og  
hrella í senn. Á morgun verður  
opnuð sýning á verkum hennar  
í Nýhöfn, sem unnin eru á  
síðustu tveimur árum. Mynd:  
Kristinn.

Myndlist

# Fossniður

Guðbjörg Lind opnar málverkasýningu í Nýhöfn á morgun

Þegar komið er inn í vinnustofu Guðbjargar Lindar listmálara blasa harvetna við fossar, fossar af öllum stærðum og gerðum. Langir og mjóir, stuttir og breiðir. Verkin eru stór og lítil, en öll í mjög sérstökum bláum litum, fossarnir eru hvítir.

– Ég er að berjast við formin, litina og flötinn. Á síðustu sýningu var myndefnið dálítið annað. Í myndunum féllu fossar fram á borð og dýr, eða borð með dýrshaus. Nýjustu myndirnar mínar eru einfaldari, borðin eru hætt að birtast, og ég nota fossinn frjálsglegar en fyrr. Áður en ég málaði fossa málaði ég dýr. Dýrin þróuðust síðan yfir í ferfætlinga, borð sem stundum voru með dýrshaus.

– Þetta eru allt myndir af fossum, séðum frá ýmsum skrifnum sjónarhornum. Ég set saman tvær andstæður í myndunum, fossinn og auðnina, segir Guðbjörg Lind, sem á morgun opnar sína aðra einkasýningu í Nýhöfn við Hafnarstræti 18. Hún hefur einnig haldið einkasýningar í Slúnkaríki á Ísafirði, og tekið

þátt í nokkrum samsýningum síðan hún útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands fyrir nokkrum árum.

*Hvers vegna eru fossar þér svo hugleiknir?*

– Ástæðan fyrir því hversu mikið ég mála fossa er sjálfsagt flókin. Mér finnst þeir heillandi og hrellandi í senn. Þeir hafa síast inn í mig á ferðum mínum um landið. Kannski hefur vatns-hræðsla mín einhver áhrif á þetta val mitt á myndefni. Ég hef ekkert á móti því að fólk tülki fossa mína á sinn hátt, eða segi þá hafa erótíska tilvísun, eins og algengt er. Oft eru þær hugsanir sem móta verkið ekki meðvitaðar fyrr en eftir á. Ég er ekki meðvitað að mála einhvern sérstakan boðskap, áhorfendur mega túlka

myndir mínar eins og þá sjálfa lystir.

*Ertu ánægð með myndir þínar?*

– Þetta er erfið spurning. Stundum fer ég sæl heim að kvöldi, en þegar ég sé myndina, sem ég er að vinna að, aftur næsta morgun skil ég ekki hvað hefur glatt mig kvöldinu áður. Það er erfið að útskýra hvernig tilfinningar maður ber til eigin verka, þetta er ekki beinlínis sæluástand, heldur verður maður rólegur þegar best lætur. Mér fellur best að mála nokkrar myndir í einu, þá get ég ýtt einni til hliðar ef ekkert gengur og tekið til við aðra. Stundum hendir það að ég byrja á mynd sem gengur strax upp, en það er sjaldan. Oftast liggur nokkurra mánaða vinna að baki hverju verki.

*Attu þér eftirlætismálara?*

– Sá listamaður sem hefur haft hvað mest áhrif á mig er Kristján Davíðsson, sem kenndi mér í

Myndlista- og handíðaskólanum. Ég hef alltaf verið hrifin af Júlíönu Sveinsdóttur og Ágústi Petersen. Allir verða fyrir áhrifum af öðrum listamönnum, hvort sem það er sjáanlegt eða ekki.

Ég hlakka til að opna sýninguna og fá viðbrögð fólks við verkunum. Mér þykir gaman að því þegar fólk þorir að segja hvað því finnst. Íslendingar eru ófeimnir að hafa sínar skoðanir á málunum. Það er leiðinlegur misskilningur að menn þurfi að skilja listaverk á einhvern sérstakan hátt. Fólk þarf ekki að læra neitt til að geta notið listverka.

Sýning Guðbjargar Lindar er opnuð á morgun, laugardag, kl. 14-16. Listasalurinn Nýhöfn er opinn um helgar kl. 14-18, en alla virka daga nema mánudaga kl. 10-18. Sýningunni lýkur 26. september.

BE